



Síldarminjasafn Íslands ses  
Snorragata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530  
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604



## Viljayfirlýsing um samstarf

### Síldarminjasafn Íslands og Menntaskólinn á Tröllaskaga

Með undiritun þessarar yfirlýsingar lýsa forstöðumenn Síldarminjasafns Íslands og Menntaskólans á Tröllaskaga yfir vilja til samstarfs. Samstarfið getur falist í ýmsum þáttum og má þar m.a. nefna:

- Heimsóknir nemenda MTR á Síldarminjasafn Íslands þar sem þeir munu njóta leiðsagnar um sögu síldarinnar, þróun staðarins og uppbyggingu safnsins.
- Nýtingu á safnkosti og sýningaráhúsum safnsins til skapandi starfa og verkefna nemenda.
- Nýtingu á Ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins til skapandi starfa og verkefna nemenda í ljósmyndun.
- Miðlun þekkingar starfsfólks til nemenda MTR með fyrirlestrum og erindum um síldarsöguna, uppbyggingu safnsins og frumkvöðlastarf, þátttöku í ferðaþjónustu á svæðinu osfrv.
- Námskeið í smíði eða viðgerðum gamalla trébáta í Gamla Slippnum undir handleiðslu sérfræðings.
- Öðru sem MTR og Síldarminjasafni Íslands kemur saman um að framkvæma.

Forstöðumenn stofnananna gera með sér samstarfssamning um hvert ofantalinna verkefna, eða önnur, sem ákveðið er að hafa samstarf um. Í þeim samningi er gerð grein fyrir hlutverki, ábyrgð og kostnaðarhlutdeild hvors aðila um viðkomandi verkefni.

Fjallabyggð, 23. nóvember 2017

Anita Elefsen,  
safnstjóri Síldarminjasafns Íslands

Lára Stefánsdóttir  
skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga